

Fundur 26.5.2021 Þorsteinn og Ómar Bergmann.

Þorsteinn, við ætlum að koma með eitt stutt samband í viðbót og kveðjum ykkur svo.

Verið þið sælir.

Já vert þú blessaður.

Komið þið sælir, gott að heyra í ykkur.

Já vertu velkominn.

Hef ég verið að styrkja mig og efla hér í framlífi og alltaf fleiri undur að sjá í náttúrunni og spjalla við gamla kunningja og fræða sig.

Vildi aðeins rétt svo kasta á ykkur kveðju og láta ykkur vita að mér líður vel og sakna ég ykkar og finnst mér alltof hægt ganga með starfið og allt of margir af okkur sem hingað erum komnir og þarf að vekja áhuga unga fólksins.

Var mér það mikill léttir að losna við margskonar krankleika sem höfðu herjað á mig og er pabbi líka miklu hraustari og aðrir ættingjar mínir sem hingað eru komnir og finnst mér það gott.

Held ég alltaf tryggð við gamla hópinn, þótt ekki mæti ég reglulega í stjórnusambandsstöðvar þessar, þar sem ég hef einnig tekið tryggð við lítinn hóp sem ég var farinn að kynnast á jörðinni.

Finnst mér orkan ekki næg í kvöld en ég kem kannski of seint í sambandið. Veit ég að mörg öflug sambönd hafa verið hér í kvöld.

Já, já.

Hver ert þú?

Ég er einn af ykkur, gamall Nýalssinni, er að reyna að segja það, ég er, gaman að heyra í ykkur öllum ég get ekki verið lengi verð að kveðja bráðum, er miklu öflugri hér í framlífi.

Ég er tiltölulega nýfarinn. Ég er hér einnig að sækja fundi hjá trúarhópi kristnum og reyni þó stundum að koma á þessa sambandsfundi, Ómar Bergmann.

Sæll Ómar.

Mig var að detta þig í hug Ómar, þú varst búinn að tengjast þessum trúarhópi áður en þú fórst.

Mormónum já.

Einmitt.

Já, gaman að heyra í ykkur.

Já, gaman að heyra í þér.

Allt of langt síðan.

Gaman að heyra í þér Ómar.

Já.

Ég er allur annar og vona að ykkur gangi vel og ég skynja það að þið eruð fálíðaðir eins og áður, er það ekki rétt skilið.

Já, já.

Já, ég ætti að mæta oft, ég finn mikla orku í þessum stöðvum, ég vil gjarnan segja frá því síðar.

Mér finnst ekkert vit fyrir þig að vera að tengjast þessum trúarhópi.

Eru þeir ekki allt of tengdir Jahve?

Ja, ég verð nú að gera það upp við mig.

Jú, jú.

Þeir voru þér félagsskapur á jörðinni.

Já, ég ætlaði aðeins að segja nokkur orð um það núna í kvöld, en mér finnst ég ekki hafa alveg orkuna í það.

Ég get alveg svarað fyrir þig, þú getur nú sagt að Kristur sé nú lífstefnumaður, hann á nú ekkert skylt við Jahve sjálfan.

Já, ég vildi segja það, þú orðar þetta betur en ég.

Já.

Þakka þér fyrir að hjálpa mér og þakka þér fyrir öll gömlu kynnin.

Já sumuleiðis.

Ég ætla að fá hann þabba til að koma í sambandið og fleiri ef hægt er, ég kem bara seinna, gaman að heyra í ykkur.

Já, það var gaman að fá eitt íslensk samband í kvöld.

Já ég skynja það að það verður nóg að gera í haust hjá ykkur og ætla að reyna að mæta oft.

Já.

Verið þið sælir og þakka kærlega fyrir og bið að heilsa öllu mínu fólki og segið að mér líði vel, verið þið sælir.

Vertu sæll og gangi þér vel.